



**FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS**

**KÖNNUN Á HÖGUM FÓLKS MEÐ
ÞROSKAHÖMLUN, 45 ÁRA OG ELÐRA**

Skýrsla unnin af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir Styrktarfélag
vangefinna

Heiður Hrund Jónsdóttir

Friðrik H. Jónsson

Mars 2008

Efnisyfirlit

UM RANNSÓKNINA	3
MARKMIÐ	3
FRAMKVÆMD	3
HEIMTUR.....	4
ÚRVINNSLA	5
BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR	6
NIÐURSTÖÐUR	8
HÚSNÆÐI	8
DAGÞJÓNUSTA OG VINNA	18
FJÖLSKYLDUHAGIR	22
FRÍTÍMI OG TÓMSTUNDIR.....	25
VIÐAUKI	33

Um rannsóknina

Í tilefni af Evrópuári jafnra tækifæra veitti Félagsmálaráðuneytið félagasamtökum styrki úr verkefnasjóði til verkefna sem hafa það að markmiði að vinna að almennri og víðtækri vitundarvakningu í samfélaginu um mismun á grundvelli kyns, öldrunar, kynþáttar, fötlunar, kynhneigðar og trúar. Styrktarfélag vangefinna hlaut styrk til að framkvæma könnun á högum fólks með þroskahömlun, 45 ára og eldra.

Markmið

Markmið könnunarinnar var að fá upplýsingar og skoða aðstæður og lífsgæði þroskahamlaðra einstaklinga sem voru 45 ára og eldri. Sérstaklega var horft til búsetu, dagþjónustu/atvinnu, félagslífs og fjölskyldutengsla þroskahamlaðs fólks sem var að takast á við öldrunarferlið með ólíkum hætti. Ljóst er að mikilvægt er að horfa til framtíðar, skoða aðstæður og fá fram óskir um hvernig best sé að skipuleggja umhverfi og þjónustu við þennan hóp fólks á Íslandi.

Framkvæmd

Styrktarfélag vangefinna sá um gerð spurningalistans og framkvæmd könnunarinnar en Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sá um úrvinnslu. Starfsmenn Styrktarfélags vangefinna höfðu samband við þau sveitarfélög og svæðisskrifstofur sem veittu fólki með þroskahömlun búsetuþjónustu. Framkvæmdastjórar gáfu upp fjölda þroskahamlaðs fólks, 45 ára og eldra sem fékk búsetuþjónustu og miðaðist fjöldi útsendra lista við þær upplýsingar. Tvö sveitarfélög, Húsavík og Vestmannaeyjar, tóku ekki þátt.

Á fundi hjá Félagsmálaráðuneytinu þann 2. nóvember 2007, var spurningalistum og kynningarbréfum komið til stjórnenda þeirra svæða sem tóku þátt og komu þeir gögnunum í hendur forstöðumanna í búsetu. Þeir sem ekki gátu sótt fundinn fengu gögnin send í pósti þann 5. nóvember 2007. Þar sem íbúarnir sjálfir áttu ekki að svara spurningalistanum lögðu forstöðumenn í búsetu mat á hvaða starfsfólk ætti að svara fyrir hönd hvers íbúa. Starfsfólkið svaraði spurningum sem sneru að bakgrunni skjólstaðinga sinna, húsnæðisaðstæðum þeirra, vinnu, dagþjónustu og þátttöku þeirra í tómstundum. Útfylltir spurningalistarnir bárust til Styrktarfélags vangefinna á bilinu 23. nóvember til 3. desember 2007.

Heimtur

Starfsmenn sem unnu með fólki með þroskahömlun svöruðu spurningalistunum fyrir skjólstæðinga sína. Í sumum tilfellum svaraði sama starfsfólkið fyrir fleiri en einn aðila. Í heildina voru sendir út spurningalistar fyrir 219 einstaklinga með þroskahömlun og bárust svör fyrir 151 þeirra. Svörun í könnuninni er því 68,9%. Tafla 1 sýnir heimtur fyrir hvert búsetusvæði.

Tafla 1. Heimtur

	Fjöldi lista sendir út	Fjöldi svara	Svarhlutfall
Styrktarfélag vangefinna	37	33	89,2%
Reykjavík	41	28	68,3%
Reykjanes	40	29	72,5%
Suðurland	25	7	28,0%
Hornarfjörður	3	3	100,0%
Austurland	22	10	45,5%
Akureyri	29	21	72,4%
Vestfirðir	14	13	92,9%
Vesturland	8	7	87,5%
Samtals	219	151	68,9%

Úrvinnsla


Í niðurstöðukaflanum eru svör þátttakenda greind eftir völdum bakgrunnsþáttum þar sem kannað er hvort munur sé á svörum fólks eftir kyni skjólstaðinganna, aldri þeirra, búsetu, tegund húsnæðis sem þeir bjuggu í og eftir því hver eigandi þess húsnæðis var. Nánari lýsingu á þessum bakgrunnsbreytum er að finna í næsta kafla, *Bakgrunnsupplýsingar*.

Í töflunum í niðurstöðukaflanum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu. Til að meta hvort munur á milli hópa væri tölfræðilega marktækur var notast við kí-kvaðrat marktæktarpróf. Ef tölfræðileg marktækur munur kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum. Ein stjarna merkir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ($p < 0,05$). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist hjá svarendum sé einnig til staðar meðal allra skjólstaðinga starfsfólks í búsetuþjónustu á þeim svæðum sem tóku þátt í könnuninni. Tvær stjörnur merkja að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p < 0,01$) og þrjár stjörnur merkja að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ($p < 0,001$). Í sumum tilvikum voru marktæktarpróf ógild vegna fámennra hópa og er það merkt með skammstöfuninni *óg*. Þegar ekkert er merkt hefur marktæktarpróf verið gilt en munur milli hópa ekki mælst tölfræðilega marktækur. Í texta verður einungis fjallað um mun milli hópa þar sem hann er tölfræðilega marktækur.

Bakgrunnsupplýsingar


Í niðurstöðukaflanum eru svör þátttakenda greind eftir þeim bakgrunnsbreytum sem fjallað er um hér.

Karlar voru 58% og konur 42% þeirra 151 íbúa sem svarað var fyrir. Flestir íbúanna voru á aldrinum 51 til 66 ára (sjá mynd 1). Aðeins tveir voru eldri en 72 ára.



Mynd 1. Aldur skjólstæðinganna

Meirihluti skjólstæðinganna (62%) bjó í Reykjavík eða nágrennasvæði Reykjavíkur (sjá mynd 2). Þegar tekið er mið af heimtum má ætla að svör fyrir fólk í Reykjavík komi frá starfsfólki Styrktarfélags vangefinna og svæðisskrifstofu Reykjavíkur og að svör fyrir fólk á nágrennasvæði Reykjavíkur komi að mestu leyti frá Reykjanesi og Suðurlandi.



Mynd 2. Búseta skjólstæðinganna

Tafla 2 sýnir í hvernig húsnæði íbúarnir bjuggu. Flestir bjuggu á sambýli þar sem íbúar höfðu eigið herbergi en nýttu aðra hluta hússins með öðrum. Til að geta greint svör við öðrum spurningum eftir tegund húsnæðis voru allir flokkar aðrir en *Sambýli* sameinaðir. Í niðurstödukaflanum er tegund húsnæðis því tvískipt, annars vegar þeir sem bjuggu á sambýli (58%) og hins vegar þeir sem bjuggu í annars konar húsnæði (42%).

Tafla 2. Tegund húsnæðis sem skjólstæðingarnir búa í

	Fjöldi	Hlutfall sem svarar
Sambýli, eigið herbergi en aðrir hlutar hússins nýttir með öðrum	88	58,3
Íbúðakjarna með sameiginlegu rými	16	10,6
Leigir íbúð ein/n	16	10,6
Íbúðakjarna án sameiginlegs rýmis	12	7,9
Eigin íbúð	6	4,0
Leigir íbúð með öðrum, án sameiginlegs rýmis	5	3,3
Leigir íbúð með öðrum, með sameiginlegu rými	5	3,3
Annað	3	2,0
Alls	151	100%

Flestir leigðu húsnæði sitt annað hvort af félagasamtökum (41%) eða ríkinu (40%), einhverjir leigðu af sínu sveitarfélagi (15%) en fáir áttu eigin íbúð (sjá töflu 3).

Tafla 3. Eigandi þess húsnæðis sem skjólstæðingarnir búa í

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Íbúi leigir af félagasamtökum	61	40,4	40,9
Íbúi leigi af ríkinu	59	39,1	39,6
Íbúi leigir af sveitarfélaginu	22	14,6	14,8
Íbúi sjálfur	5	3,3	3,4
Íbúi á hlut í íbúð á mótí öðrum	1	0,7	0,7
Annað	1	0,7	0,7
Svarar ekki	2	1,3	-
Alls	151	100%	100%

Niðurstöður

Niðurstöðurnar skiptast í fjóra hluta. Í fyrsta hluta er fjallað um húsnæðisaðstæður, ástand húsnæðis, hversu vel húsnæðið hentar íbúum þess og aðstöðu starfsmanna. Í öðrum hluta er fjallað um þær spurningar sem tengjast dagþjónustu og vinnu. Þriðji hlutinn snýr að fjölskylduhögum og vinatengslum fólks og í fjórða og síðasta hlutanum er fjallað um félagslíf og þátttöku í tómstundum.

Húsnæði

Þátttakendur voru fyrst spurðir um húsnæðisaðstæður skjólstæðinga sinna. Eins og sjá má í töflu 4 þótti 60% svarenda húsnæði íbúa vera í frekar eða mjög góðu ástandi. Munur var á svörum fólks eftir því hvort skjólstæðingar þeirra bjuggu á sambýli eða ekki en rúm 40% þeirra sem svöruðu fyrir fólk á sambýli töldu húsnæðið vera í frekar eða mjög góðu ástandi samanborið við rúm 80% þeirra sem svöruðu fyrir fólk sem ekki bjó á sambýli. Til að ná fram gildum marktektarprófum voru flokkarnir *frekar slæmt* og *mjög slæmt* sameinaðir. Eftir að það var gert kom fram munur á svörum eftir búsetu þar sem húsnæði utan Reykjavíkur og nágrennis var í hvað bestu ástandi en húsnæði á nágrennasvæði Reykjavíkur í hvað verstu ástandi. Auk þess koma fram marktækur munur á svörum eftir eiganda húsnæðis þar sem húsnæði í eigu sveitarfélaga var almennt í betra ástandi en húsnæði í eigu ríkisins eða félagasamtaka en húsnæði í eigu ríkisins var í hvað lélegasta ástandinu að mati svarenda. Þeir sem töldu ástand húsnæðisins vera frekar eða mjög slæmt voru beðnir að skrá niður það sem þeim þótti helst ábótavant en samantekin svör þeirra er að finna í töflu 5. Helst var það almennt viðhald sem var ábótavant auk þess sem aðgengi fyrir fatlaða var ekki alltaf gott.

Tafla 4. Hversu gott eða slæmt er ástand húsnæðisins?¹

	Mjög gott	Frekar gott	Hvorki né	Frekar slæmt	Mjög slæmt	Samtals	Fjöldi
Heild	31,8	28,5	24,5	9,3	6,0	100%	151
Kyn							
Kona	34,9	28,6	25,4	3,2	7,9	100%	63
Karl	29,5	28,4	23,9	13,6	4,5	100%	88
Aldur óg (óg)							
45 til 50 ára	30,8	25,0	26,9	7,7	9,6	100%	52
51 til 66 ára	34,5	26,4	25,3	9,2	4,6	100%	87
67 ára og eldri	18,2	63,6	9,1	9,1	0,0	100%	11
Búseta óg (***)							
Reykjavík	26,2	27,9	27,9	11,5	6,6	100%	61
Nágrannasvæði Reykjavíkur	6,3	31,3	34,4	12,5	15,6	100%	32
Önnur sveitarfélög	51,7	27,6	15,5	5,2	0,0	100%	58
Tegund húsnæðis ***							
Sambýli	17,0	26,1	35,2	12,5	9,1	100%	88
Annað	52,4	31,7	9,5	4,8	1,6	100%	63
Eigandi húsnæðis óg (***)							
Íbúi leigir af sveitarfélagi	50,0	36,4	9,1	4,5	0,0	100%	22
Íbúi leigir af ríkinu	28,8	10,2	35,6	13,6	11,9	100%	59
Íbúi leigir af félagasamtökum	26,2	42,6	19,7	8,2	3,3	100%	61

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktæktarpróf er ógilt

Tafla 5. Ef ástand húsnæðis er frekar eða mjög slæmt: Hverju er helst ábótavant?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Almennt viðhald	13	56,5	65,0
Almennt viðhald og aðgengi fyrir fatlaða slæmt	5	21,7	25,0
Óhentugt húsnæði	2	8,7	10,0
Svarar ekki	3	13,0	-
Alls	23	100%	100%

¹ Sé marktæktarpróf ógilt eru flokkarnir *Frekar slæmt* og *Mjög slæmt* sameinaðir í tölfraeðiúrvinnslu og er marktækt táknuð innan sviga.

Þegar þátttakendur voru spurðir hversu vel eða illa húsnæðið hentaði íbúa þess komu í ljós svör sem voru áþekkt svörum við spurningunni um ástand húsnæðisins. Að mati svarenda hentaði húsnæðið tveimur af hverjum þremur íbúa frekar eða mjög vel. Munur á svörum eftir tegund húsnæðis reyndist tölfræðilega marktækur þar sem um 57% svarenda töldu húsnæðið henta þeim sem bjuggu á sambýli frekar eða mjög vel samanborið við 81% þeirra sem ekki bjuggu á sambýli. Þegar svörin *frekar illa* og *mjög illa* voru sameinuð kom fram munur á svörum eftir búsetu þar sem svör þeirra sem bjuggu utan Reykjavíkur og nágrennis voru jákvæðari en annarra. Til viðbótar þótti húsnæði í eigu sveitarfélaga henta íbúum betur en húsnæði í eigu ríkisins eða félagasamtaka (sjá töflu 6). Þeir sem töldu húsnæðið henta frekar eða mjög illa voru beðnir að skrá niður hvað væri helst og þau svör má sjá í töflu 7. Í flestum tilfellum var það slæm aðstaða fyrir fatlaða sem gerði það að verkum að húsnæði hentaði íbúum illa.

Tafla 6. Hversu vel eða illa hentar núverandi húsnæði íbúa?²

	Mjög vel	Frekar vel	Hvorki né	Frekar illa	Mjög illa	Samtals	Fjöldi
Heild	34,4	32,5	13,2	11,9	7,9	100%	151
Kyn							
Kona	36,5	34,9	12,7	11,1	4,8	100%	63
Karl	33,0	30,7	13,6	12,5	10,2	100%	88
Aldur ^{óg (óg)}							
45 til 50 ára	30,8	32,7	15,4	13,5	7,7	100%	52
51 til 66 ára	37,9	31,0	12,6	10,3	8,0	100%	87
67 ára og eldri	27,3	45,5	9,1	9,1	9,1	100%	11
Búseta ^{óg (**)}							
Reykjavík	23,0	37,7	21,3	9,8	8,2	100%	61
Nágrannasvæði Reykjavíkur	28,1	34,4	3,1	18,8	15,6	100%	32
Önnur sveitarfélög	50,0	25,9	10,3	10,3	3,4	100%	58
Tegund húsnæðis ^{**}							
Sambýli	22,7	34,1	15,9	14,8	12,5	100%	88
Annað	50,8	30,2	9,5	7,9	1,6	100%	63
Eigandi húsnæðis ^{óg (*)}							
Íbúi leigir af sveitarfélagi	50,0	40,9	4,5	0,0	4,5	100%	22
Íbúi leigir af ríkinu	30,5	30,5	8,5	15,3	15,3	100%	59
Íbúi leigir af félagasamtökum	31,1	31,1	21,3	13,1	3,3	100%	61

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktæktarpróf er ógilt

² Sé marktæktarpróf ógilt eru flokkarnir *Frekar slæmt* og *Mjög slæmt* sameinaðir í tölfræðiúrvinnslu og er marktækt táknuð innan sviga.

Tafla 7. Ef húsnæði hentar frekar eða mjög illa: Hvað er helst að?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Slæm aðstaða fyrir hreyfihamlaða	13	43,3	52,0
Vantar einkarými/persónulegt rými	5	16,7	20,0
Baðherbergi hentar ekki íbúa	3	10,0	12,0
Annað	4	13,3	16,0
Svarar ekki	5	16,7	-
Alls	30	100%	100%

Tæplega tveir af hverjum þremur sögðu núverandi búsetuform íbúa henta frekar eða mjög vel. Hvorki reyndist munur á svörum fólks eftir kyni né eiganda húsnæðisins en búsetuformið hentaði þeim sem bjuggu utan höfuðborgarsvæðisins að jafnaði betur en þeim sem bjuggu í Reykjavík eða á nágrennasvæði Reykjavíkur. Núverandi búsetuform hentaði þeim sem bjuggu á sambýli ekki eins vel og þeim höfðu annars konar búsetuform en 16% þeirra sem svöruðu fyrir hönd fólks á sambýli töldu búsetuformið henta mjög vel samanborið við 52% þeirra sem ekki bjuggu á sambýli (sjá töflu 8). Þeir sem töldu núverandi búsetuform henta frekar eða mjög illa voru beðnir að skrá niður hvað kæmi helst í staðinn og eins og sjá má í töflu 9 var það einna helst íbúðarsambýli eða sérbyli með sameiginlegu rými sem svarendur töldu hvað helst að ætti að koma í stað núverandi búsetuforms.

Tafla 8. Hversu vel hentar núverandi búsetuform?³

	Mjög vel	Frekar vel	Hvorki né	Frekar illa	Mjög illa	Samtals	Fjöldi
Heild	31,1	32,5	11,3	15,9	9,3	100%	151
Kyn							
Kona	34,9	33,3	7,9	19,0	4,8	100%	63
Karl	28,4	31,8	13,6	13,6	12,5	100%	88
Aldur ^{óg (óg)}							
45 til 50 ára	28,8	30,8	7,7	21,2	11,5	100%	52
51 til 66 ára	34,5	33,3	11,5	13,8	6,9	100%	87
67 ára og eldri	18,2	36,4	27,3	0,0	18,2	100%	11
Búseta *							
Reykjavík	18,0	39,3	14,8	18,0	9,8	100%	61
Nágrannasvæði Reykjavíkur	25,0	28,1	6,3	25,0	15,6	100%	32
Önnur sveitarfélög	48,3	27,6	10,3	8,6	5,2	100%	58
Tegund húsnæðis ***							
Sambýli	15,9	36,4	14,8	19,3	13,6	100%	88
Annað	52,4	27,0	6,3	11,1	3,2	100%	63
Eigandi húsnæðis							
Íbúi leigir af sveitarfélagi	45,5	40,9	0,0	4,5	9,1	100%	22
Íbúi leigir af ríkinu	25,4	28,8	13,6	16,9	15,3	100%	59
Íbúi leigir af félagsamtökum	29,5	32,8	13,1	19,7	4,9	100%	61

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktektarpróf er ógilt

Tafla 9. Ef núverandi búsetuform hentar frekar eða mjög illa: Hvað kæmi helst í staðinn?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Íbúðarsambýli/sérbyli með sameiginlegu rými	14	36,8	66,7
Hjúkrunarheimili	2	5,3	9,5
Búseta með öðrum sambýlingum en nú	2	5,3	9,5
Annað	3	7,9	14,3
Svarar ekki	17	44,7	-
Alls	38	100%	100%

Þegar svarendur voru spurðir hvort íbúð skjólstaðinga þeirra væri æviíbúð, þ.e. hvort hún gæti mætt breyttum aðstæðum íbúanna var um einn af hverjum þremur á því að svo væri ekki. Fjórðungur sagði íbúðina geta mætt breyttum aðstæðum en ekki án vandræða en rúm 40% sögðu íbúðina geta

³ Sé marktektarpróf ógilt eru flokkarnir *Frekar vel* og *Mjög vel* annars vegar og flokkarnir *Frekar illa* og *Mjög illa* hins vegar sameinaðir í tölfræðiúrvinnslu og er marktekt táknuð innan sviga.

mætt breyttum aðstæðum vandræðalaust. Íbúðir utan höfuðborgarsvæðisins voru frekar þess eðlis að geta vandræðalaust mætt breyttum aðstæðum íbúanna heldur en íbúðir á höfuðborgarsvæðinu og sambýlin gátu síður mætt breyttum aðstæðum íbúa (sjá töflu 10).

Tafla 10. Er íbúðin ævífúð? (Þ.e. getur mætt breyttum aðstæðum)

	Já, án vandræða	Já, en ekki án vandræða	Nei	Samtals	Fjöldi
Heild	40,6	25,4	34,1	100%	138
Kyn					
Kona	40,4	33,3	26,3	100%	57
Karl	40,7	19,8	39,5	100%	81
Aldur ^{óg}					
45 til 50 ára	44,7	27,7	27,7	100%	47
51 til 66 ára	40,5	24,1	35,4	100%	79
67 ára og eldri	27,3	27,3	45,5	100%	11
Búseta *					
Reykjavík	32,8	24,1	43,1	100%	58
Nágrannasvæði Reykjavíkur	32,3	38,7	29,0	100%	31
Önnur sveitarfélög	55,1	18,4	26,5	100%	49
Tegund húsnæðis *					
Sambýli	31,7	29,3	39,0	100%	82
Annað	53,6	19,6	26,8	100%	56
Eigandi húsnæðis					
Íbúi leigir af sveitarfélagi	57,1	23,8	19,0	100%	21
Íbúi leigir af ríkinu	38,5	21,2	40,4	100%	52
Íbúi leigir af félagasamtökum	32,1	30,4	37,5	100%	56

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktæktarpróf er ógilt

Hjá tveimur af hverjum þremur íbúum var nafnspjald við aðalinngang (tafla 11) en hjá þriðjungi var nafnspjald við eigin inngangsdyr (tafla 12). Rúmur þriðjungur var með eigin póstkassa (tafla 13).

Íbúar nágrannasvæðis Reykjavíkur höfðu hvað síst nafnspjald við aðalinngang og eigin inngangsdyr. Íbúar á landsbyggðinni höfðu frekar eigin póstkassa en íbúar höfuðborgarsvæðisins (tafla 13). Af íbúum Reykjavíkur og nágrennis voru mikið fleiri sem höfðu nafnspjald við aðalinngang en við eigin inngangsdyr en hjá íbúum á landsbyggðinni hafði svipað hlutfall nafnspjald við aðalinngang og við eigin inngangsdyr (sjá töflur 11 og 12).

Íbúar sambýla höfðu síður nafnspjald en þeir sem höfðu annað búsetuform hvort sem um var að ræða nafnspjald við aðalinngang eða eigin inngangsdyr (töflur 11 og 12). Hlutfallslega mjög fáir íbúa sambýla höfðu eigin póstkassa (tafla 13).

Íbúar húsnæðis sem var í eigu félagasamtaka höfðu frekar nafnspjald við aðalinngang en íbúar húsnæðis sem var í eigu ríkis eða sveitarfélags (tafla 11). Þeir sem bjuggu í húsnæði í eigu ríkisins voru hins vegar þeir sem hvað helst höfðu nafnspjald við eigin inngangsdyr (tafla 12) og þeir sem bjuggu í húsnæði í eigu sveitarfélagsins voru sá hópur sem hvað helst hafði eigin póstkassa (tafla 13).

Tafla 11. Er nafnspjald við aðalinngang?

	Já	Nei	Samtals	Fjöldi
Heild	65,5	34,5	100%	142
Kyn				
Kona	67,2	32,8	100%	58
Karl	64,3	35,7	100%	84
Aldur				
45 til 50 ára	57,8	42,2	100%	45
51 til 66 ára	68,2	31,8	100%	85
67 ára og eldri	72,7	27,3	100%	11
Búseta *				
Reykjavík	76,7	23,3	100%	60
Nágrannasvæði Reykjavíkur	46,9	53,1	100%	32
Önnur sveitarfélög	64,0	36,0	100%	50
Tegund húsnæðis *				
Sambýli	57,1	42,9	100%	84
Annað	77,6	22,4	100%	58
Eigandi húsnæðis *				
Íbúi leigir af sveitarfélagi	59,1	40,9	100%	22
Íbúi leigir af ríkinu	56,1	43,9	100%	57
Íbúi leigir af félagasamtökum	80,0	20,0	100%	55

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktæktarpróf er ógilt

Tafla 12. Er nafnspjald við eigin inngangsdyr?

	Já	Nei	Samtals	Fjöldi
Heild	31,3	68,7	100%	131
Kyn				
Kona	36,5	63,5	100%	52
Karl	27,8	72,2	100%	79
Aldur ^{óg}				
45 til 50 ára	30,4	69,6	100%	46
51 til 66 ára	31,6	68,4	100%	79
67 ára og eldri	20,0	80,0	100%	5
Búseta ***				
Reykjavík	23,1	76,9	100%	52
Nágrannasvæði Reykjavíkur	3,2	96,8	100%	31
Önnur sveitarfélög	58,3	41,7	100%	48
Tegund húsnæðis ***				
Sambýli	10,7	89,3	100%	75
Annað	58,9	41,1	100%	56
Eigandi húsnæðis **				
Íbúi leigir af sveitarfélagi	10,7	89,3	100%	20
Íbúi leigir af ríkinu	58,9	41,1	100%	53
Íbúi leigir af félagasamtökum	31,3	68,7	100%	50

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktæktarpróf er ógilt

Tafla 13. Er eigin póstkassi?

	Já	Nei	Samtals	Fjöldi
Heild	36,1	63,9	100%	133
Kyn				
Kona	43,4	56,6	100%	53
Karl	31,3	68,8	100%	80
Aldur ^{óg}				
45 til 50 ára	26,1	73,9	100%	46
51 til 66 ára	43,8	56,3	100%	80
67 ára og eldri	0,0	100,0	100%	6
Búseta ***				
Reykjavík	23,1	76,9	100%	52
Nágrannasvæði Reykjavíkur	15,6	84,4	100%	32
Önnur sveitarfélög	63,3	36,7	100%	49
Tegund húsnæðis ***				
Sambýli	5,3	94,7	100%	76
Annað	77,2	22,8	100%	57
Eigandi húsnæðis **				
Íbúi leigir af sveitarfélagi	60,0	40,0	100%	20
Íbúi leigir af ríkinu	19,2	80,8	100%	52
Íbúi leigir af félagasamtökum	38,5	61,5	100%	52

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktæktarpróf er ógilt

Aðstaða fyrir starfsfólk var í flestum tilfellum herbergi í sameign eða herbergi inni á heimili íbúanna. Hjá rúmlega fimmtungi íbúa hafði starfsfólk enga aðstöðu. Það var helst á landsbyggðinni sem starfsfólk hafði enga aðstöðu en í 36% tilvika hafði starfsfólk þar enga aðstöðu samanborið við 15% í Reykjavík og 7% á nágrannasvæðum Reykjavíkur. Þegar sambýlin eru borin saman við annars konar búsetuform hafði starfsfólk sambýlanna frekar aðstöðu en starfsfólk annars konar húsnæðis en starfsfólk sambýla hafði helst herbergi inni á heimilinu fyrir aðstöðu en starfsfólk annars konar húsnæðis var helst með herbergi í sameign fyrir aðstöðu (sjá töflu 14). Þeir sem svöruðu *Annað* voru beðnir að skrá niður lýsingu á því en þau svör má sjá í töflu 15.

Tafla 14. Hvar er aðstaða starfsfólks?

	Herbergi inni á heimilinu	Húsnæði í tengslum við sambýlið	Herbergi í sameign	Annað	Engin aðstaða	Samtals	Fjöldi
Heild	27,0	9,2	27,7	14,9	21,3	100%	141
Kyn							
Kona	17,9	10,7	30,4	17,9	23,2	100%	56
Karl	32,9	8,2	25,9	12,9	20,0	100%	85
Aldur ^{óg}							
45 til 50 ára	34,7	12,2	24,5	10,2	18,4	100%	49
51 til 66 ára	22,2	8,6	27,2	19,8	22,2	100%	81
67 ára og eldri	27,3	0,0	45,5	0,0	27,3	100%	11
Búseta ***							
Reykjavík	36,4	18,2	23,6	7,3	14,5	100%	55
Nágrannasvæði Reykjavíkur	36,7	3,3	30,0	23,3	6,7	100%	30
Önnur sveitarfélög	12,5	3,6	30,4	17,9	35,7	100%	56
Tegund húsnæðis ***							
Sambýli	42,4	9,4	24,7	10,6	12,9	100%	85
Annað	3,6	8,9	32,1	21,4	33,9	100%	56
Eigandi húsnæðis ^{óg}							
Íbúi leigir af sveitarfélagi	9,1	4,5	27,3	18,2	40,9	100%	22
Íbúi leigir af ríkinu	46,4	0,0	23,2	25,0	5,4	100%	56
Íbúi leigir af félagasamtökum	16,7	20,4	35,2	5,6	22,2	100%	54

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktekstarpróf er ógilt

Tafla 15. Ef aðstaða starfsfólks er annað en í töflu 14: Hvar er aðstaða starfsfólks?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Opið rými í sameign	6	28,6	30,0
Í næstu íbúð	6	28,6	30,0
Baðherbergi og sturta fyrir starfsfólk	3	14,3	15,0
Skrifstofa - lítið notuð af almennu starfsfólki	3	14,3	15,0
Í skammtímvistun	2	9,5	10,0
Svarar ekki	1	4,8	-
Alls	21	100%	100%

Dagþjónusta og vinna

Eins og sjá má í töflu 16 störfuðu 42% íbúanna á vernduðum vinnustað/hæfingu eða starfshæfingu, 34% sóttu dagþjónustu sérstaklega skipulagða fyrir fólk með þroskahömlun, 10% störfuðu á almennum vinnumarkaði og 1% sótti almenna dagþjónustu. Rúmlega einn af hverjum tíu hafði hvorki atvinnu né sótti dagþjónustu.

Tafla 16. Hvaða dagþjónustu/vinnu sækir íbúi?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Á vernduðum vinnustað/hæfingu eða starfshæfingu	61	40,4	41,8
Dagþjónustu sérstaklega skipulagða fyrir fólk með þroskahömlun	50	33,1	34,2
Á almennum vinnumarkaði	15	9,9	10,3
Almenna dagþjónustu (t.d. hverfisstöðvar)	2	1,3	1,4
Annað	1	0,7	0,7
Enga dagþjónustu/atvinnu	17	11,3	11,6
Svarar ekki	5	3,3	-
Alls	151	100%	100%

Til að geta framkvæmt gilt marktektarpróf voru þeir sem sóttu almenna dagþjónustu og dagþjónustus skipulagða fyrir fólk með þroskahömlun sameinaðir í einn flokk. Í töflu 17 má sjá að íbúar á nágrennasvæði Reykjavíkur voru síður á almennum vinnumarkaði en aðrir og að íbúar í Reykjavík voru síður á vernduðum vinnustað/hæfingu eða starfshæfingu og frekar í dagþjónustu en íbúar utan Reykjavíkur. Þeir sem ekki bjuggu á sambýli voru frekar á almennum vinnumarkaði en íbúar sambýlanna.

Tafla 17. Hvaða dagþjónustu/vinnu sækir íbúi? Sameinaðir flokkar.

	Á almennum vinnumarkaði	Á vernduðum vinnustað/hæfingu eða starfshæfingu	Alm. dagþjónustu eða dagþjónustu skipulagða f. fólk með þroskahömlun	Samtals	Fjöldi
Heild	11,7	47,7	40,6	100%	128
Kyn					
Kona	8,5	47,5	44,1	100%	59
Karl	14,5	47,8	37,7	100%	69
Aldur ^{óg}					
45 til 50 ára	4,3	56,5	39,1	100%	46
51 til 66 ára	17,8	42,5	39,7	100%	73
67 ára og eldri	0,0	44,4	55,6	100%	9
Búseta*					
Reykjavík	13,0	31,5	55,6	100%	54
Nágrannasvæði Reykjavíkur	7,4	66,7	25,9	100%	27
Önnur sveitarfélög	12,8	55,3	31,9	100%	47
Tegund húsnæðis**					
Sambýli	3,9	50,0	46,1	100%	76
Annað	23,1	44,2	32,7	100%	52
Eigandi húsnæðis					
Íbúi leigir af sveitarfélagi	15,0	35,0	50,0	100%	20
Íbúi leigir af ríkinu	3,8	51,9	44,2	100%	52
Íbúi leigir af félagasamtökum	15,7	51,0	33,3	100%	51

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktektarpróf er ógilt

Í töflu 18 má sjá að þeir sem störfuðu á almennum vinnumarkaði unnu þar að jafnaði í 21,9 klukkustundir í viku. Þeir sem unnu á vernduðum vinnustað/hæfingu eða starfshæfingu unnu að meðaltali 14,9 klukkustundir í viku og þeir sem sóttu dagþjónustu sérstaklega skipulagða fyrir fólk með þroskahömlun eyddu þar að jafnaði 12,6 klukkustundum í viku. Aðeins tveir sóttu almenna dagþjónustu, annar í 5 klukkustundir í viku og hinn í 24 klukkustundir í viku.

Tafla 18. Hversu margar klukkustundir á viku notar íbúi í eftirfarandi?

	Fjöldi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Meðaltal	Staðalfrávik
Fjöldi klst. í viku á vernduðum vinnustað/hæfingu eða starfshæfingu	60	3	35	14,9	8,7
Fjöldi klst. í viku í dagþjónustu sérstaklega skipulagða fyrir fólk með þroskahömlun	50	3	37	12,6	8,1
Fjöldi klst. í viku á almennum vinnumarkaði	15	10	45	21,9	10,4
Fjöldi klst. í viku í almennri dagþjónustu (t.d. hverfisstöðvar)	2	5	24	14,5	13,4

Að mati svarenda voru íbúar alla jafna frekar að mjög ánægðir í vinnunni eða þeirri dagþjónustu sem þeir sóttu. Einungis 3% svarenda töldu íbúa vera frekar eða mjög óánægða í vinnunni/dagþjónustunni (sjá töflu 19). Þar sem dreifing svaranna er svo lítil reyndist hvorki unnt að greina svörin eftir þeim bakgrunnsbreytum sem að jafnaði var unnið með né eftir því hvort fólk stundaði vinnu eða dagþjónustu.

Tafla 19. Hversu ánægður eða óánægður er íbúi í vinnunni/dagþjónustunni?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög ánægður	62	41,1	48,4
Frekar ánægður	47	31,1	36,7
Hvorki ánægður né óánægður	15	9,9	11,7
Frekar óánægður	3	2,0	2,3
Mjög óánægður	1	0,7	0,8
Veit ekki	4	2,6	-
Svarar ekki	19	12,6	-
Alls	151	100%	100%

Vinnan eða dagþjónustan hentaði fólki að jafnaði vel en 88% svarenda sögðu hana henta skjólstæðingum sínum frekar eða mjög vel (sjá töflu 20). Líkt og í spurningunni hér á undan var dreifing svaranna of lítil til að greina þau nánar.

**Tafla 20. Hversu vel eða illa hentar dagþjónustan/
vinnan íbúa í dag?**

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög vel	61	40,4	47,3
Frekar vel	52	34,4	40,3
Hvorki vel né illa	15	9,9	11,6
Frekar illa	0	0,0	0,0
Mjög illa	1	0,7	0,8
Veit ekki	3	2,0	-
Svarar ekki	19	12,6	-
Alls	151	100%	100%

Í töflu 21 má sjá að dagur flestra var mjög heillegur. Því eldri sem íbúarnir voru því heillegri var dagsskipulag þeirra að mati svarenda. Dagur íbúa í Reykjavík og á landsbyggðinni var heillegri en hjá íbúum á nágrannasvæðum Reykjavíkur. Að lokum var dagur þeirra sem ekki bjuggu á sambýli heillegri en þeirra sem bjuggu á sambýli. Svarendur voru spurðir hvort þeir töldu einhverra úrbóta þörf hvað varðaði heillegan dag en þau svör má finna í viðauka.

Tafla 21. Hversu heillegur er dagurinn frá sjónarmiði íbúa?

	Mjög heillegur	Svolítið/mjög sundurplitinn	Samtals	Fjöldi
Heild	81,8	18,2	100%	132
Kyn				
Kona	86,8	13,2	100%	53
Karl	78,5	21,5	100%	79
Aldur *				
45 til 50 ára	68,9	31,1	100%	45
51 til 66 ára	86,8	13,2	100%	76
67 ára og eldri	100,0	0,0	100%	10
Búseta ***				
Reykjavík	90,4	9,6	100%	52
Nágrannasvæði Reykjavíkur	59,4	40,6	100%	32
Önnur sveitarfélög	87,5	12,5	100%	48
Tegund húsnæðis *				
Sambýli	76,3	23,8	100%	80
Annað	90,4	9,6	100%	52
Eigandi húsnæðis				
Íbúi leigir af sveitarfélagi	78,9	21,1	100%	19
Íbúi leigir af ríkinu	73,2	26,8	100%	56
Íbúi leigir af félagasamtökum	90,4	9,6	100%	52

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktæktarpróf er ógilt

Fjölskylduhagir

Íbúar áttu frekar móður á lífi en föður og mikill meirihluti þeirra áttu systkini á lífi (sjá töflur 22, 23 og 24). Rúm 3% áttu hvorki foreldri né systkini á lífi.

Tafla 22. Á íbúi móður á lífi?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Já	62	41,1	44,0
Nei	79	52,3	56,0
Svarar ekki	10	6,6	-
Alls	151	100%	100%

Tafla 23. Á íbúi föður á lífi?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Já	31	20,5	24,8
Nei	94	62,3	75,2
Svarar ekki	26	17,2	-
Alls	151	100%	100%

Tafla 24. Á íbúi systkini á lífi?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Já	143	94,7	95,3
Nei	7	4,6	4,7
Svarar ekki	1	0,7	-
Alls	151	100%	100%

Rúmur helmingur skjólstæðinganna hittir foreldri/foreldra eða systkin sitt mánaðarlega eða oftár en tæpur helmingur nokkrum sinnum á ári eða sjaldnar (sjá töflu 25). Til að ná fram fleiri gildum marktektarprófum voru flokkarnir *Oftar en vikulega* og *Vikulega* annars vegar og flokkarnir *Nokkrum sinnum á ári* og *Sjaldnar* hins vegar sameinaðir til að fækka flokkunum úr fimm í þrjá. Þegar það hafði verið gert kom fram marktækur munur á konum og körlum þar sem konur hittu ættingja sína sjaldnar en karlar. Þeir sem bjuggu í nágrenni við Reykjavík hittu ættingja sína oftár en íbúar Reykjavíkur og landsbyggðarinnar.

Tafla 25. Ef íbúi á foreldri/systkini á lífi, hve oft hitti íbúi þau að jafnaði?⁴

	Oftar en vikulega	Vikulega	Mánaðarlega	Nokkrum sinnum á ári	Sjaldnar	Samtals	Fjöldi
Heild	9,2	19,0	23,9	34,5	13,4	100%	142
Kyn ^(*)							
Kona	3,3	13,3	23,3	41,7	18,3	100%	60
Karl	13,4	23,2	24,4	29,3	9,8	100%	82
Aldur ^{óg (óg)}							
45 til 50 ára	12,2	18,4	26,5	28,6	14,3	100%	49
51 til 66 ára	8,3	17,9	23,8	39,3	10,7	100%	84
67 ára og eldri	0,0	25,0	12,5	25,0	37,5	100%	8
Búseta ^(*)							
Reykjavík	3,6	16,1	32,1	32,1	16,1	100%	56
Nágrannasvæði Reykjavíkur	12,9	29,0	25,8	32,3	0,0	100%	31
Önnur sveitarfélög	12,7	16,4	14,5	38,2	18,2	100%	55
Tegund húsnæðis ^(¹)							
Sambýli	8,6	17,3	22,2	39,5	12,3	100%	81
Annað	9,8	21,3	26,2	27,9	14,8	100%	61
Eigandi húsnæðis ^{óg (¹)}							
Íbúi leigir af sveitarfélagi	5,0	25,0	5,0	50,0	15,0	100%	20
Íbúi leigir af ríkinu	7,0	15,8	33,3	35,1	8,8	100%	57
Íbúi leigir af félagasamtökum	8,8	21,1	21,1	33,3	15,8	100%	57

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktektarpróf er ógilt

Mikill meirihluti fólks, eða 85%, bjó einsamalt og 7% voru í sambúð eða hjónabandi (sjá töflu 26). Þau sem hvorki bjuggu einsömul né voru í sambúð/hjónabandi bjuggu ýmist hjá foreldrum sínum, systkinum eða deildu húsnæði með öðrum.

Tafla 26. Hver er hjúskaparstaða íbúa?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Býr einn	125	82,8	85,0
Er í sambúð/gift(ur)	10	6,6	6,8
Annað	12	7,9	8,2
Svarar ekki	4	2,6	-
Alls	151	100%	100%

⁴ Sé marktektarpróf ógilt eru flokkarnir *Oftar en vikulega* og *Vikulega* annars vegar og flokkarnir *Nokkrum sinnum á ári* og *Sjaldnar* hins vegar sameinaðir í tölfræðiúrvinnslu og er marktekt táknuð innan sviga.

Eins og sjá má í töflu 27 áttu tæp 60% að minnsta kosti einn góðan vin eða vinkonu. Ekki reyndist munur eftir bakgrunni fólks.

Tafla 27. Á íbúi góðan vin/vini?

	Já, marga	Já, einn til tvo	Nei	Samtals	Fjöldi
Heild	27,5	31,9	40,6	100%	138
Kyn					
Kona	23,7	40,7	35,6	100%	59
Karl	30,4	25,3	44,3	100%	79
Aldur ^{óg}					
45 til 50 ára	25,0	27,1	47,9	100%	48
51 til 66 ára	26,9	34,6	38,5	100%	78
67 ára og eldri	36,4	36,4	27,3	100%	11
Búseta					
Reykjavík	35,2	29,6	35,2	100%	54
Nágrannasvæði Reykjavíkur	18,8	28,1	53,1	100%	32
Önnur sveitarfélög	25,0	36,5	38,5	100%	52
Tegund húsnæðis					
Sambýli	29,1	26,6	44,3	100%	79
Annað	25,4	39,0	35,6	100%	59
Eigandi húsnæðis					
Íbúi leigir af sveitarfélagi	25,0	45,0	30,0	100%	20
Íbúi leigir af ríkinu	21,6	31,4	47,1	100%	51
Íbúi leigir af félagasamtökum	34,5	25,9	39,7	100%	58

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktæktarpróf er ógilt

Fritími og tómstundir

Þátttakendur voru spurðir um tómstundaiðkun íbúa og aðgengi þeirra að félagslífi. Eins og sjá má í töflu 28 tók rúmlega helmingur fólks þátt í tómstundum sem sérstaklega voru skipulagðar fyrir fólk með þroskahömlun. Íbúar sambýla tóku frekar þátt í slíkum tómstundum en þeir sem voru í annars konar búsetuformi.

Svarendur þeirra sem tóku þátt í tómstundum sem sérstaklega voru skipulagðar fyrir fólk með þroskahömlun gáfu upplýsingar um hve oft í mánuði skjólstæðingar þeirra tóku þátt og reyndist meðalástundun þeirra var 6,6 sinnum í mánuði⁵.

Tafla 28. Tekur íbúi þátt í tómstundum sem eru sérstaklega skipulagðar fyrir fólk með þroskahömlun?

	Já	Nei	Samtals	Fjöldi
Heild	54,4	45,6	100%	149
Kyn				
Kona	62,3	37,7	100%	61
Karl	48,9	51,1	100%	88
Aldur				
45 til 50 ára	63,5	36,5	100%	52
51 til 66 ára	51,8	48,2	100%	85
67 ára og eldri	36,4	63,6	100%	11
Búseta				
Reykjavík	56,7	43,3	100%	60
Nágrannasvæði Reykjavíkur	65,6	34,4	100%	32
Önnur sveitarfélög	45,6	54,4	100%	57
Tegund húsnæðis ***				
Sambýli	66,3	33,7	100%	86
Annað	38,1	61,9	100%	63
Eigandi húsnæðis				
Íbúi leigir af sveitarfélagi	45,5	54,5	100%	22
Íbúi leigir af ríkinu	65,5	34,5	100%	58
Íbúi leigir af félagsamtökum	51,7	48,3	100%	60

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktektarpróf er ógilt

Meirihluti fólks tók ekki þátt í almennum tómstundum. Þó tók fjórðungur að einhverju leyti þátt í tómstundum á borð við íþróttir, kór og félagsstarf sem ekki endilega er skipulagt með þarfir

⁵ Alls svöruðu 77. Lægsta gildi var 1 sinnum í mánuði og hæsta gildi var 16 sinnum í mánuði. Meðaltalið var 6,57 og staðalfrávik 3,81.

þroskahamlaðra í huga (sjá töflu 29). Í töflu 30 má sjá þær tómsundur sem svarendur skráðu fyrir þá sem tóku þátt í almennum tómsundum en það voru helst íþróttir, boccia og almennt félagsstarf og skemmtanir.

Tafla 29. Tekur íbúi þátt í almennum tómsundum t.d. íþróttum, kór, félagsstarfi eða öðru?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Já, mjög mörgu	4	2,6	2,7
Já, aðeins	37	24,5	24,8
Nei	108	71,5	72,5
Svarar ekki	2	1,3	-
Alls	151	100%	100%

Tafla 30. Ef íbúi tekur þátt í almennum tómsundum, hvaða?

	Fjöldi	Hlutfall af svörum	Hlutfall af svarendum*
Íþróttir	12	23,5	31,6
Boccia	10	19,6	26,3
Félagsstarf	8	15,7	21,1
Almennar skemmtanir	6	11,8	15,8
Dans	4	7,8	10,5
Tónlist	3	5,9	7,9
Handavinna	3	5,9	7,9
Kirkja	3	5,9	7,9
Leiklist	2	3,9	5,3
Alls	51	100,0%	134,3%

* Svarendur gátu nefnt fleiri en eitt atriði, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.

Þar sem fáir tóku þátt í mjög mörgum almennum tómsundum voru þeir sameinaðir þeim sem tóku aðeins þátt. Við þetta náðust fram gild marktektarpróf þar sem kom í ljós að íbúar Reykjavíkur tóku síst þátt í almennum tómsundum en íbúar landsbyggðarinnar hvað helst (tafla 31).

Tafla 31. Tekur íbúi þátt í almennum tómstundum t.d. íþróttum, kór, félagsstarfi eða öðru? Flokkarnir *Já, mjög mörgu* og *Já, aðeins sameinaðir*.

	Já	Nei	Samtals	Fjöldi
Heild	27,5	72,5	100%	149
Kyn				
Kona	24,6	75,4	100%	61
Karl	29,5	70,5	100%	88
Aldur				
45 til 50 ára	36,5	63,5	100%	52
51 til 66 ára	23,3	76,7	100%	86
67 ára og eldri	20,0	80,0	100%	10
Búseta*				
Reykjavík	15,3	84,7	100%	59
Nágrannasvæði Reykjavíkur	28,1	71,9	100%	32
Önnur sveitarfélög	39,7	60,3	100%	58
Tegund húsnæðis				
Sambyli	26,7	73,3	100%	86
Annað	28,6	71,4	100%	63
Eigandi húsnæðis				
Íbúi leigir af sveitarfélagi	31,8	68,2	100%	22
Íbúi leigir af ríkinu	33,9	66,1	100%	59
Íbúi leigir af félagasamtökum	16,9	83,1	100%	59

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktektarpróf er ógilt

Meirihluti fólks tók þátt í því sem er í boði í samfélaginu hverju sinni en til þess telst t.d. að fara á kaffihús, í verslanir eða sækja almenna menningarviðburði (tafla 32). Svarendur voru beðnir um að gefa dæmi um hvað skjólstæðingar þeirra tækju þátt í en þau svör má finna í töflu 33. Íbúar fóru einna helst á kaffihús og í verslunarferðir auk þess sem margir fóru í bíó og leikhús.

Tafla 32. Tekur íbúi þátt í því sem er í boði í samfélaginu hverju sinni, sækir t.d. menningarviðburði, kaffihús, verslanir o.fl.?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Já, mjög mörgu	51	33,8	34,0
Já, aðeins	78	51,7	52,0
Nei	21	13,9	14,0
Svarar ekki	1	0,7	-
Alls	151	100%	100%

Tafla 33. Ef íbúi tekur þátt í því sem er í boði í samfélaginu hverju sinni, hverju?

	Fjöldi	Hlutfall af svörum	Hlutfall af svarendum*
Kaffihús	72	23,7	63,2
Verslunarferðir	61	20,1	53,5
Bíó	34	11,2	29,8
Leikhús	31	10,2	27,2
Veitingastaðir	22	7,2	19,3
Tónleikar	21	6,9	18,4
Kirkjuferðir/Kirkjustarfsemi	16	5,3	14,0
Menningarviðburðir	12	3,9	10,5
Dansleikir/Böll	12	3,9	10,5
Almennar skemmtunir, s.s. 17.júní og Menningarnótt	10	3,3	8,8
Íþróttaleikir	6	2,0	5,3
Ýmislegt	7	2,3	6,1
Alls	304	100,0%	266,6%

* Svarendur gátu nefnt fleiri en eitt atriði, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.

Þar sem fáir tóku þátt í mjög mörgu sem var í boði í samfélaginu voru flokkaðir með þeim sem tóku aðeins þátt. Þeir sem leigðu íbúð af félagasamtökum tóku síður þátt í því sem var í boði í samfélaginu hverju sinni en þeir sem leigðu af ríki eða sveitarfélagi (tafla 34).

Tafla 34. Tekur íbúi þátt í því sem er í boði í samfélaginu hverju sinni, sækir t.d. menningarviðburði, kaffihús, verslanir o.fl.? Flokkarnir *Já, mjög mörgu* og *Já, aðeins sameinaðir*.

	Já	Nei	Samtals	Fjöldi
Heild	86,0	14,0	100%	150
Kyn				
Kona	82,3	17,7	100%	62
Karl	88,6	11,4	100%	88
Aldur				
45 til 50 ára	86,5	13,5	100%	52
51 til 66 ára	84,9	15,1	100%	86
67 ára og eldri	90,9	9,1	100%	11
Búseta				
Reykjavík	81,7	18,3	100%	60
Nágrannasvæði Reykjavíkur	90,6	9,4	100%	32
Önnur sveitarfélög	87,9	12,1	100%	58
Tegund húsnæðis				
Sambyli	87,4	12,6	100%	87
Annað	84,1	15,9	100%	63
Eigandi húsnæðis *				
Íbúi leigir af sveitarfélagi	86,4	13,6	100%	22
Íbúi leigir af ríkinu	93,2	6,8	100%	59
Íbúi leigir af félagasamtökum	76,7	23,3	100%	60

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktektarpróf er ógilt

Tæp 60% svarenda töldu eitthvað hindra íbúana í að taka þátt í félagslífi og/eða tómstundum. Ekki kom fram munur eftir bakgrunni (tafla 35).

Tafla 35. Er eitthvað sem hindrar íbúa í að taka þátt í félagslífi/tómstundum?

	Já	Nei	Samtals	Fjöldi
Heild	58,5	41,5	100%	147
Kyn				
Kona	58,3	41,7	100%	60
Karl	58,6	41,4	100%	87
Aldur				
45 til 50 ára	53,8	46,2	100%	52
51 til 66 ára	61,4	38,6	100%	83
67 ára og eldri	63,6	36,4	100%	11
Búseta				
Reykjavík	60,3	39,7	100%	58
Nágrannasvæði Reykjavíkur	59,4	40,6	100%	32
Önnur sveitarfélög	56,1	43,9	100%	57
Tegund húsnæðis				
Sambýli	64,0	36,0	100%	86
Annað	50,8	49,2	100%	61
Eigandi húsnæðis				
Íbúi leigir af sveitarfélagi	47,6	52,4	100%	21
Íbúi leigir af ríkinu	69,0	31,0	100%	58
Íbúi leigir af félagasamtökum	49,2	50,8	100%	59

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktæktarpróf er ógilt

Þegar svarendur voru beðnir að tilgreina hvað það væri helst sem hamlaði skjólstæðingum sínum að taka þátt í félagslífi eða tómstundum gátu þeir nefnt fleiri en eitt atriði. Þau atriði sem oftast voru nefnd voru að of fáir starfsmenn væru á vakt hverju sinni, að skjólstæðinga þeirra vantaði liðsmann og að heilsuleysi hamlaði þeim þátttöku (sjá töflu 36).

Þess má geta að svarendur gátu merkt við þau atriði sem áttu við en auk þess skrifað önnur atriði til viðbótar. Þeir flokkar í töflu 36 sem myndaðir voru úr opnu svörunum eru *Heilsufar íbúa*, *Íbúi er öruggur í margmenni eða hefur lítinn áhuga* og *Ekki nægilegt framboð á tómstundum við hæfi*.

Tafla 36. Ef það er eitthvað sem hindrar íbúa í að taka þátt í félagslífi/tómstundum, þá hvað?

	Fjöldi	Hlutfall af svörum	Hlutfall af svarendum*
Of fáir starfsmenn á vakt	33	21,7	37,9
Hefur ekki liðsmann	29	19,1	33,3
Heilsufar íbúa	29	19,1	33,3
Akstur/ferðaþjónsta vantar eða hentar ekki	15	9,9	17,2
Íbúi er óöruggur í margmenni eða hefur lítinn áhuga	15	9,9	17,2
Aðgengi fyrir fatlaða ábótavart	11	7,2	12,6
Ónóg fjárráð	10	6,6	11,5
Ekki nægilegt framboð á tómstundum við hæfi	6	3,9	6,9
Skipulag vaktaskýrslu	1	0,7	1,1
Annað	3	2,0	3,4
Alls	152	100,0%	174,7%

* Svarendur máttu nefna allt sem við átti, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.

Í töflu 37 má sjá hvað svarendur nefndu þegar þeir voru spurðir hvernig tómstundir eða félagsstörf hentuðu íbúa. Svarendur gátu nefnt fleiri en eitt atriði og nefndu flestir að það hentaði íbúa vel að hlusta á tónlist og fara á tónleika, heimsækja fólk og fara á kaffihús.

Tafla 37. Hvernig tómstundir/félagsstörf henta íbúa í dag?

	Fjöldi	Hlutfall af svörum	Hlutfall af svarendum*
Tónlist/Tónleikar	24	12,4	32,0
Mannamót/Heimsóknir/Spjall/Kaffiboð	23	11,9	30,7
Kaffihús	20	10,3	26,7
Gönguferðir/létt hreyfing	11	5,7	14,7
Handavinna/Mála/Teikna/Föndra	10	5,2	13,3
Ferðalög	10	5,2	13,3
Almennar skemmtanir	10	5,2	13,3
Boccia	9	4,6	12,0
Leikhús	8	4,1	10,7
Verslunarferðir	7	3,6	9,3
Bingó	7	3,6	9,3
Sund	7	3,6	9,3
Bíltúr	7	3,6	9,3
Íþróttir	6	3,1	8,0
Kirkjuferðir/Kirkjustarfsemi	6	3,1	8,0
Veitingastaðir	5	2,6	6,7
Bíó	4	2,1	5,3
Annað	20	10,3	26,7
Alls	194	100,0%	258,6%

* Svarendur gátu nefnt fleiri en eitt atriði, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.

Að lokum voru svarendur spurðir hvað skipti máli varðandi hagi íbúanna sem ekki hafði verið spurt um í könnunni. Flestir vildu leggja áherslu á hve mikilvægt það væri fyrir íbúa að fá húsnæði við hæfi (sjá töflu 38).

Tafla 38. Hvað finnst þér skipta máli varðandi hagi þessa íbúa sem ekki hefur verið spurt um?

	Fjöldi	Hlutfall sem svarar
Mikilvægt að íbúi fái húsnæði við hæfi	12	24,5
Vantar fjármagn	9	18,4
Mikilvægt að íbúi fá stuðning við hæfi og fái reglulegt innlit	8	16,3
Mikilvægt að íbúi haldi heilsu og eigi góð efri ár	6	12,2
Vantar starfsfólk/liðveitanda	6	12,2
Vantar spurningar um sambýlinga	5	10,2
Vantar spurningar um heilsufar íbúa þar sem sumar spurningar eiga ekki við vegna heilsufars íbúa	3	6,1
Alls	49	100%

Viðauki

Telur þú einhverra úrbóta þörf hvað varðar heillegan dag?

Fjöldi

- 1 Erfitt að verða við því, sum fara í vinnu og mismunandi tómsundur
- 1 Fleira starfsfólk og þar af leiðir einstaklingsmiðaðri þjónustu
- 1 Já, en íbúi ekki til samstarfs með það
- 1 Lítið hægt að breyta, hentar honum best
- 1 Mætti stundum vera sveigjanlegur
- 1 Þyrfti að vera meiri samfella á milli sjúkráþjálfunar og vinnu